

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	29.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Fyrirtæki	Hlaðbær-Colas	Eftirlitsmaður	Sigurður Ingason og Þorsteinn
Heimili	Gullhelli 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Heimir Hafliðason, Gísli Eymarsson, Steingrímur Bragason og Sigbór Sigurðsson	Staðsetning	352977,735 396393,374

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Hlaðbær-Colas að Gullhelli 1. Eitt nýtt frávik kom fram er varðar losun fitu og svifagna í frárennsli. Útistandandi voru fjögur eldri frávik er varða rykmagn í útblæstri, ónógan hraða á útblæstri, að mælingum í frárennsli væri ekki lokið og að bygging fínefnageymslu væri ekki lokið. Fráviki varðandi mælingar í frárennsli var lokað í eftirlitinu. Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis var viðstaddur eftirlitið.

UMFANG EFTIRLITS

Þann 13. desember 2017 sendi Hlaðbær-Colas úrbótaáætlun vegna útistandandi frávíka frá eftirliti Umhverfisstofnunar þann 28. nóvember sama ár.

Samkvæmt áætluninni átti úrbótum vegna frávíks varðandi rykmagn í útblæstri að vera lokið og átti rykmæling á útblæstrinum að staðfesta að svo væri. Þegar eftirlitið fór fram hafði mæling á ryki í útblæstri ekki farið fram og var því ekki hægt að staðfesta að úrbótum væri lokið. Fyrirtækið hafði sett upp símæli á ryki en þar sem ekki var búið að gera samhliða mælingu á rykmagni hafði stillingu á mælinum ekki verið lokið. Kom fram að stefnt væri að þessum mælingum í júní.

Ekki höfðu farið fram nýjar mælingar á útblásturshraða frá síðasta eftirliti og er því frávik er varðar útblásturshraða enn útistandandi. Mæling á útblásturshraða fer fram samhliða mælingu á rykmagni í útblæstri.

Samkvæmt úrbótaáætluninni átti stálgrindahús að rísa í júní 2018. Þegar eftirlit fór fram 29. maí var unnið að uppsteypingu veggja og er því verkið því hér um bil samkvæmt úrbótaáætlun.

Mælingar á frárennsli fór fram í desember 2017 samkvæmt úrbótaáætlun og er því frávik þvi lokað. Mælingin leiddi hins vegar í ljós að styrkur fitu og svifagna í frárennsli var yfir mörkum í grein 2.14 í starfsleyfi. Starfsleyfishafi sagði að stefnt væri að nýjum mælingum í júní.

Ekki hafa komið neinar kvartanir vegna fyrirtækisins frá síðasta eftirliti.

Farið var yfir þær mælingar er fara fram þurfa á þessu ári og kom fram að hávaðamælingar hafa nú þegar farið fram.

Rætt var um fyrirkomulag rykbindingar á lóð fyrirtækisins.

Var gengið um svæði fyrirtækisins og framkvæmdir við byggingu fínefnageymslu skoðaðar.

Frávik frá

Grein 2.14 um losunarmörk í frárennsli

Lýsing á frávik

Samkvæmt mælingu á frárennsli er fram fór 12. desember 2017 er magn bæði fitu/olíu og svifagna yfir mörkum í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.06.2018

Sverrir Aðalsteinn Jónsson